

Umsókn

um fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn samkvæmt reglum um hús Jóns Sigurðssonar.

Nafn:

Kt.:

Heimili:

Sími (vinnustaður):

(heima):

(aðrir):

Tölvupóstfang:

Menntun (lokapróf, titill):

Starf:

Heiti verkefnis:

Er sótt um með öðrum? Hverjum?

Mánuðir sem sótt er um:

Til vara er sótt um:

Hefur umsækjandi hlotið úthlutun áður (ef já; hvenær)?

Gögn sem fylgja umsókninni:

Nauðsynlegt er að yfirlit um náms- og starfsferil (CV) og ritaskrá umsækjenda fylgi umsókn. Ritgerðir (eða handrit) tengdar verkefninu geta styrkt umsóknina. Rétt er að benda umsækjendum á að senda útdrætti ritgerða/handrita, auk efnisyfirlits, inngangs og heimildaskrár, frekar en að senda verk í heild sinni. Úthlutunarnefnd áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum. Fylgigögn verða endursend umsækjendum, sé þess óskað.

Dagsetning:

Undirskrift:

Lýsing verkefnis sem umsækjandi hyggst vinna að í Kaupmannahöfn (þessum upplýsingum má skila á öðru blaði):

Hvaða fræðilegt eða hagnýtt gildi hefur verkefnið?

Hvers vegna verður að vinna verkið í Kaupmannahöfn?

Athugasemdir sem umsækjandi óskar að gera til viðbótar:

Til athugunar fyrir umsækjendur

Íbúðum fræðimanns í Kaupmannahöfn, samkvæmt reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er úthlutað árlega: íbúð á 2. hæð frá ágústlokum, eða byrjun septembermánaðar, til sama tíma að ári, og íbúð á 4. hæð frá janúarbyrjun til miðs desembers ár hvert. Fræðimenn, sem hyggjast vinna að rannsóknum eða verkefnum í Kaupmannahöfn, geta sótt um afnot af íbúðunum eftir að þær eru auglýstar laus til umsóknar.

Íbúðirnar eru tveggja herbergja og fylgja þeim allur nauðsynlegur heimilisbúnaður, þar á meðal þvottavél og þurrkari. Afnotin eru endurgjaldslaus, en þeim sem fá úthlutað ber þó að greiða fyrir þrif íbúðarinnar og rekstarkostnað og er upphæðin tiltekin hverju sinni í auglýsingu, samkvæmt ákvörðun stjórnar Jónshúss. Gert er ráð fyrir að þeir sem hljóta úthlutun gangi snyrtilega um íbúðirnar og skili þeim í góðu ástandi.

Dvalartími í íbúðunum fer eftir umfangi verkefnis og öðrum ástæðum en getur aldrei orðið lengri en fjórir mánuðir.

Umsækjendur skulu gera grein fyrir tilgangi ráðgerðrar dvalar sinnar í Kaupmannahöfn, svo og menntun og fyrri störfum. Þá skal taka fram hvenær á framangreindu tímabili og hve lengi óskað er eftir afnotum af fræðimannsíbúð. Úthlutunarnefnd ætlast til að dvalargestir nýti úthlutaðan tíma sinn að fullu við störf í Kaupmannahöfn. Ef hjón, sambýlisfólk eða tveir einstaklingar hyggjast vinna saman að verkefni og búa saman í fræðimannsíbúð er óskað eftir að það komi fram í umsókn.

Við úthlutun íbúðanna er höfð hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. Að umsókn sé vandlega unnin.
2. Að verkefnið verði ekki unnið annars staðar en í Kaupmannahöfn eða nágrenni.
3. Að verkefnið hafi fræðilegt eða hagnýtt gildi og þyki áhugavert.
4. Að sem eðlilegust skipting sé milli kynja og fræðigreina.

Þeir sem eru í námi, þar á meðal doktorsnámi, eiga að jafnaði litla möguleika á úthlutun. Þá er höfð hliðsjón af því hvort sótt er um dvöl í fyrsta skipti, en þegar umsækjendur eru jafnsettir skulu þeir ganga fyrir sem sækja um dvöl í fyrsta skipti.